



HÉRAÐSDÓMUR
AUSTURLANDS

DÓMUR

18. mars 2014

Mál nr. E-64/2013:
Stefnandi: Anja Richter
(Bergþóra Ingólfssdóttir hrl.)

Stefndi: Hof 1 Hótel ehf.
(Hilmar Þorsteinsson hdl.)

Dómari: Hildur Briem héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands þriðjudaginn 18. mars 2014 í máli nr. E-64/2013:

Anja Richter

(Bergþóra Ingólfsdóttir hrl.)

gegn

Hof 1 Hótel ehf.

(Hilmar Þorsteinsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar 2014, höfðaði Anja Richter, búsett í Þýskalandi, hinn 21. maí 2013 á hendur stefnda, Hof 1 Hótel ehf., Hofi 1, sveitarfélaginu Hornafirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að hið stefnda einkahlutafélag verði dæmt til að greiða stefnanda 1.099.071 krónu, með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001, af 49.218 krónum frá 1. júní 2012 til 1. júlí 2012, þá af 391.526 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2012, þá af 761.059 krónum frá þeim degi til 1. september 2012, þá af 1.101.664 krónum frá þeim degi til 1. október 2012, þá af 1.129.563 krónum frá þeim degi til 24. júní 2013 og loks af 1.099.071 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar.

I

Í máli þessu krefst stefnandi leiðréttingar launa sinna vegna vinnu í þágu stefnda sumarið 2012 og byggir á því að kjör hennar hafi ekki náð lágmarkskjörum samkvæmt kjarasamningi.

Málsatvik eru þau að þau að stefnandi, sem er þýskur ríkisborgari, réðst fyrst til starfa hjá hinu stefnda einkahlutafélagi sumarið 2011 og starfaði á hóteli í Öreafasveit á þess vegum. Fyrir liggur bréf ráðningarskrifstofu til stefnanda, dags. 1. júlí 2011, þar sem ráðningarkjörum er lýst. Í bréfinu, sem einungis liggur fyrir á enskri tungu, eru lágmarkslaun stefnanda sögð 179.500 krónur á mánuði, fyrir 40 stunda vinnuviku, auk orlofs. Kemur þar fram að stefnanda yrði séð fyrir fæði og húsnæði á staðnum gegn smávægilegri aukavinnu („in return for a little extra work“).

Í framhaldinu var gerður ráðningarsamningur milli stefnanda og stefnda, dags. 10. júlí 2011, en á þeim tíma bar félagið heitið Frost og funi ehf. Var þar kveðið á um

tímabundna ráðningu stefnanda frá 2. júlí 2011 til 8. september s.á. til starfa á hóteli stefnda og tekið fram að um fullt starf og vaktavinnu væri að ræða. Laun væru samkvæmt samkomulagi 179.500 krónur á mánuði, auk 10,17% orlofs.

Stefnandi réðst aftur til starfa hjá stefnda á sama hóteli sumarið 2012 og starfaði frá 20. maí til 27. september það ár. Eiga kröfur hennar í máli þessu rót að rekja til þess tímabils. Ekki var þá gerður skriflegur ráðningarsamningur milli aðila, en samkvæmt launaseðlum fékk stefnandi greidd föst mánaðarlaun, 197.155 krónur, auk 10,17% orlofs. Fékk hún greidd full mánaðarlaun fyrir mánuðina júní, júlí, ágúst og september en lægri greiðslu fyrir maímánuð. Óumdeilt er að stefnandi vann vaktavinnu, eins og sumarið 2011. Stefnandi kveðst hafa unnið alla daga starfstímabilsins, nema tvo, þ.e. 13. og 14. ágúst, og verður ekki annað séð en að það sé óumdeilt. Við lok starfstímans voru stefnanda greiddar 123.318 krónur vegna 17 vantekinna frídaga („17 days not taken off“) samkvæmt því sem greinir á launaseðli septembermánaðar, auk þess sem henni voru greiddar 60.000 krónur í „bónus“.

Fyrir liggur að vinnufyrirkomulag það sem stefnandi starfaði eftir var með þeim hætti að suma daga vikunnar var vinnudeginum skipt í tvennt þannig að stefnandi hóf störf að morgni og vann þá í nokkrar klukkustundir, en síðan varð hlé á verkum hennar um miðjan daginn. Hóf hún svo aftur störf síðdegis og vann fram á kvöld. Stendur meginágreiningur aðila um hvort þetta fyrirkomulag, þar sem ólaunað hlé kom milli tveggja vakta sama daginn, hafi verið umsamið og jafnframt hvort það stríði gegn kjarasamningi.

Deila aðilar einnig um fjölda þeirra vinnustunda sem stefnandi vann daglega, hvort greiða beri yfirvinnukaup fyrir einhverjar vinnustundir, hvort stefnandi hafi í einhverjum tilvikum áunnið sér fritökurétt vegna of skamms hvíldartíma og um fjárhæð greiðslu vegna vantekinna frídaga. Undir rekstri málsins féll stefnandi frá hluta kröfu sinnar vegna vetrarfrisdaga og stendur ekki lengur ágreiningur um þann þátt, né heldur um rétt stefnanda til greiðslu desemberuppbótar og orlofsuppbótar, sem stefndi greiddi undir rekstri málsins.

Fyrir liggur að stefnandi naut fulls fæðis og gistingar á hótelinu, auk þess sem í greinargerð stefnda er á það bent að starfsmenn hafi haft aðgang að bifreið til að ferðast um nágrennið og jafnframt eldsneyti, ef ekki hafi verið farið lengra en að Kirkjubæjarklaustri eða Höfn í Hornafirði. Greinir aðila á um hvort með þessu hafi stefnandi notið hlunninda sem virða beri við heildstætt mat um það hvort launakjör hennar hafi verið undir lágmarkskjörum samkvæmt kjarasamningi.

Í stefnu er nánar lýst aðdraganda málshöfðunarinnar. Kemur þar fram að fulltrúi Afls starfsgreinafélags hafi heimsótt hótél stefnda í Örfæsasveit í lok júlí 2012, hitt þar fyrir erlenda starfsmenn og kynnt þeim helstu réttindi á íslenskum vinnumarkaði. Í lok ágúst hafi tveir starfsmenn stefnda komið á skrifstofu Afls með vaktaáætlun og launaseðla og óskað eftir frekari upplýsingum um kaup og kjör. Í framhaldi af því hafi stefnandi komið viðbótargögnum til stéttarfélagins og óskað þess að kannað yrði hvort þau væru í samræmi við kjarasamninga. Könnun Afls hafi leitt í ljós að upp á rétt launakjör stefnanda hafi vantað verulega auk þess sem vinnudagur hennar hafi verið slitinn sundur.

Með bréfi Afls starfsgreinafélags til stefnda, dags. 7. janúar 2013, var gerð krafa um leiðréttingu á launum stefnanda í samræmi við unnar stundir miðað við gildandi kjarasamninga um vinnu í veitinga- og gistihúsum. Með bréfi, dags. 23. janúar s.á., hafnaði stefndi þeirri kröfu, utan þess að viðurkennt var að stefnandi ætti inni ógreidda orlofsuppbót og desemberuppbót.

Stefnda var þann 4. febrúar 2013 sent bréf og innheimtuviðvörðun þar sem skorað var á félagið að greiða kröfuna í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Kveður stefnandi innheimtu- og sáttatilaunir ekki hafa borið árangur og því hafi reynst nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Afls starfsgreinafélags, og Anna Sigríður Jóhannsdóttir hótélstjóri, en að framburði þeirra verður vikið eftir því sem þörf er á í niðurstöðukafla þessa dóms.

II

Hér verður fyrst vikið að sundurliðun á dómkröfu stefnanda, samkvæmt því sem í stefnu og endanlegri kröfugerð stefnanda greinir, en síðan að málsástæðum stefnanda.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á útreikningi Afls starfsgreinafélags. Krafist sé greiðslu á mismun þess sem vanti upp á réttar efndir launa stefnanda samkvæmt kjarasamningi og þess sem hún hafi fengið greitt á starfstíma.

Krafist sé launa fyrir gengnar vaktir samkvæmt tímaskýrslu, með vaktaálagi eftir atvikum þannig að krafist sé vaktaálags á þann hluta 40 stunda vinnu að meðaltali á viku sem falli utan dagvinnutímabils, þ.e. 33% álags fyrir vinnu á tímabilinu kl. 17:00-24:00 mánudaga til föstudaga og 45% álags á tímabilinu kl. 00:00 til kl. 08:00 alla virka daga og um helgar, sbr. ákvæði 3.2 í kjarasamningi. Vísar stefnandi þar til

samnings milli Samtaka atvinnulífsins (SA) og Starfsgreinasambands Íslands (SÍ) vegna veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölastaða og hliðstæðrar starfsemi, með gildistíma frá 22. júní 2011 til 31. janúar 2014.

Þá sé reiknað 45% álag á vinnu á helgidögum skv. ákvæði 3.2.2 í kjarasamningi og 90% stórhátíðarálag á vinnu á hvítasunnudag 27. maí og 17. júní, sbr. gr. 3.2.3 í kjarasamningi auk yfirvinnukaups fyrir vinnu umfram 40 stundir að meðaltali á viku, sbr. gr. 3.2.4.

Þá sé gerð krafa um greiðslu orlofs af launum og uppgjör frítökuréttar, vetrarfrísdaga og vikulegs frídags.

Á starfstíma stefnanda hafi henni verið greidd laun samkvæmt framlögðum launaseðlum. Við útreikning kröfunnar hafi verið tekið mið af þessum greiðslum til frádráttar.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins lagði stefnandi fram breytta kröfugerð þar sem fallist var á málsástæðu stefnda sem laut að rétti til vetrarfrísdaga. Var þannig fallið frá kröfu um greiðslu 8 dagvinnustunda vegna hvítasunnudagsins 27. maí 2012 og 8 dagvinnustunda vegna 17. júní s.á. Sé því einungis krafist greiðslu vegna 8 klst. í stað 24 klst. og að sama skapi lækki krafa um orlof vegna vangoldinna frídaga.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga kveðst stefnandi sundurliða kröfu sína svo:

Heildarlaun fyrir maí 2012

117,5 stundir á dagvinnulaunum (1088 kr.)	kr.	127.840
33% álag (359 kr.) á 21 stund	kr.	7.540
45 % álag (489,6 kr.) á 15 stundir	kr.	8.323
90% álag (979,2 kr.) á 11, 5 stundir	kr.	11.261
<u>3 stundir í yfirvinnu (1.944 kr.)</u>	kr.	<u>5.832</u>
<i>Samtals laun fyrir maí</i>	<i>kr.</i>	<i>160.796</i>
<i>Orlof 10,17% af 160.796</i>	<i>kr.</i>	<i>16.353</i>
Launagreiðsla fyrir maí 2012	kr.	-127.868
Vangoldið vegna maí	kr.	49.218

Heildarlaun fyrir júní 2012

173,25 stundir á dagvinnulaunum (1088 kr.)	kr.	188.496
33% álag (359 kr.) á 37,5 stundir	kr.	13.464
45 % álag (489,6 kr.) á 47 stundir	kr.	23.011

90% álag (979,2 kr.) á 5,5 stundir	kr.	5.386
<u>142.75 stundir í yfirvinnu (1.944 kr.)</u>	kr.	<u>277.506</u>
<i>Samtals laun fyrir júní</i>	<i>kr.</i>	<i>507.863</i>
<i>Orlof 10,17% af 507.863</i>	<i>kr.</i>	<i>51.650</i>
Launagreiðsla fyrir júní 2012	kr.	-217.205
Vangoldið vegna júní	kr.	342.308

Heildarlaun fyrir júlí 2012

173,5 stundir á dagvinnulaunum (1088 kr.)	kr.	188.768
33% álag (359 kr.) á 38 stundir	kr.	13.644
45 % álag (489,6 kr.) á 47 stundir	kr.	23.011
<u>158 stundir í yfirvinnu (1.944 kr.)</u>	kr.	<u>307.152</u>
<i>Samtals laun fyrir júlí</i>	<i>kr.</i>	<i>532.575</i>
<i>Orlof 10,17% af 532.574</i>	<i>kr.</i>	<i>54.163</i>
Launagreiðsla fyrir júlí 2012	kr.	-217.205
Vangoldið vegna júlí	kr.	369.533

Heildarlaun fyrir ágúst 2012

173,5 stundir á dagvinnulaunum (1088 kr.)	kr.	188.768
33% álag (359 kr.) á 44 stundir	kr.	15.798
45 % álag (489,6 kr.) á 52.5 stundir	kr.	25.704
<u>142 stundir í yfirvinnu (1.944 kr.)</u>	kr.	<u>276.048</u>
<i>Samtals laun fyrir ágúst</i>	<i>kr.</i>	<i>506.318</i>
<i>Orlof 10,17% af 506.318</i>	<i>kr.</i>	<i>51.492</i>
Launagreiðsla fyrir ágúst 2012	kr.	-217.205
Vangoldið vegna ágúst	kr.	340.605

Heildarlaun fyrir september 2012

165,5 stundir á dagvinnulaunum (1088 kr.)	kr.	180.064
33% álag (359 kr.) á 14 stundir	kr.	5.027
<u>45 % álag (489,6 kr.) á 58,5 stundir</u>	kr.	<u>28.642</u>
<i>Samtals fyrir september</i>	<i>kr.</i>	<i>213.733</i>
<i>Orlof 10,17% af 213.733</i>	<i>kr.</i>	<i>21.737</i>

<i>Desemberuppbót</i>	<i>kr.</i>	<i>11.049</i>
<i>Orlofsuppbót</i>	<i>kr.</i>	<i>19.442</i>
<i>Fritökuréttur 18 stundir (1.088)</i>	<i>kr.</i>	<i>19.584</i>
<i>Vikulegur fridagur, 120 stundir (1.088)</i>	<i>kr.</i>	<i>130.560</i>
<u><i>Vetrarfrisdagar 8 stundir (1.088)</i></u>	<u><i>kr.</i></u>	<u><i>8.704</i></u>
<i>Samtals vangoldnir fridagar</i>	<i>kr.</i>	<i>158.848</i>
<u><i>Orlof 10,17% af 176.256</i></u>	<u><i>kr.</i></u>	<u><i>16.155</i></u>
<u><i>Samtals laun fyrir september</i></u>	<u><i>kr.</i></u>	<u><i>440.964</i></u>
<i>Launagreiðsla fyrir september 2012</i>	<i>kr.</i>	<i>-413.065</i>
<i>Vangoldið vegna september</i>	<i>kr.</i>	<i>27.899</i>
<i>Samtals</i>	<i>kr.</i>	<i>1.129.563</i>

Hinn 24. júní 2013 hafi stefndi greitt 30.491 krónu inn á kröfuna sem dragist frá kröfunni á innborgunardegi hennar. Að virtri þeirri innborgun nemi dómkrafa máls þessa 1.099.071 krónu, auk vaxta og kostnaðar.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á áðurnefndum kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands (SÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi, sem marki grundvöll ráðningarsambands aðila og réttar stefnanda til endurgjalds fyrir vinnu sína í þágu stefnda. Þá sé byggt á meginreglu samningaréttar um skyldu til efnda gerðra samninga.

Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda, þrátt fyrir skyldu stefnda í því efni samkvæmt gr. 1.15 í kjarasamningi og beri því að virða allan vafa um inntak ráðningarsamnings aðila stefnanda í hag.

Stefnandi hafi unnið í fullu starfi og vaktavinnu eins og stefndi hafi viðurkennt í bréfi til Afis starfsgreinafélags, dags. 23. janúar 2013. Auk þess beri tímaskýrslur stefnanda þess merki og gögn frá stefnda sem sýni starfsmenn og vaktir og fyrirkomulag vinnu á staðnum.

Samkvæmt áðurnefndum kjarasamningi, sem eigi við um kjör stefnanda, skyldu byrjunarlaun almenns starfsfólks nema 1.088 krónum á tímann í dagvinnu og

álagsgreiðslur á tímakaup miðast við það. Þá skyldu laun fyrir yfirvinnu nema 1.944 krónum. Sé krafa stefnanda reiknuð út frá þessum launum.

Í greindum kjarasamningi sé sérstaklega fjallað um kjör vaktavinnufólks í 3. kafla. Með vöktum sé átt við fyrirfram ákveðna vinnutilhögun starfsmanna. Tímalengd vaktar skuli tilgreina í vaktaskrá þannig að upphaf og endir vaktar sé tilgreindur. Vinnu umfram tilgreindan vinnutíma beri að greiða sem yfirvinnu þegar reglulegri dagvinnu sé lokið, sbr. gr. 3.1.4 í kjarasamningi.

Þrátt fyrir þetta, þ.e. að stefnandi hafi sannarlega unnið á vöktum, hafi henni aðeins verið reiknuð föst mánaðarlaun, þ.e. 197.500 krónur á mánuði. Enginn greinarmunur hafi þá verið gerður á vinnu í dagvinnu eða á yfirvinnutíma né verið gerð grein fyrir launaútreikningi á háttíðisdögum. Þá hafi stefnanda ekki verið reiknað neitt álag eins og þó sé skylt sé um vaktavinnu að ræða. Þessi háttur á kaupgreiðslu hafi orðið þess valdandi að laun stefnanda hafi verið langt undir þeim lágmarkskjörum sem kjarasamningar geri ráð fyrir miðað við vinnuframlag stefnanda, hvort heldur laun stefnanda séu reiknuð út frá því að um reglubundinn dagvinnutíma hafi verið að ræða eða vaktavinnu.

Samkvæmt tímaskrá stefnanda hafi vinna hennar verið skipulögð þannig að vaktir hafi yfirleitt verið rofnar, þ.e. vinnudagurinn hafi ekki verið samfelldur eins og skylt sé skv. gr. 3.1.2 í kjarasamningi. Fullyrðingum stefnda þess efnis að stefnandi hafi samþykkt það ráðslag sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum, auk þess sem því sé mótmælt að slíkur samningur, ef til væri, geti samþýðst gildandi kjarasamningi.

Þrátt fyrir það og þó svo væri að stefnandi hefði samþykkt að vinna með þessum hætti hafi hún aldrei samþykkt að fá laun undir þeim kjörum sem samið hafi verið um sem lágmarkskjör. Slíkur samningur væri enda að engu hafandi, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Eins og launaseðlar stefnanda, sem stefndi hafi gefið út og greitt samkvæmt, beri með sér hafi laun stefnanda verið í engu samræmi við lágmarkslaun fyrir þann vinnutíma sem hún hafi innt af hendi, hvort sem um dagvinnu eða vaktir væri að ræða.

Krafa stefnanda sé reiknuð út frá þeim vinnutíma sem hún hafi skilað og í samræmi við að um vaktir hafi verið að ræða, eins og stefndi haldi fram. Því séu álagsgreiðslur reiknaðar ofan á launin eftir atvikum í samræmi við gr. 3.2 í kjarasamningi um laun fyrir vaktir. Samkvæmt því beri að greiða álag á þann hluta 40 stunda vinnu að meðaltali á viku sem falli utan dagvinnutímabils. Þannig beri að reikna 33% álag á tímabilið frá kl. 17:00 til kl. 24:00 mánudaga til föstudaga, 45%

álag á tímabilinu frá miðnætti til kl. 8:00 virka daga og um helgar og á helgidögum. Stórhátíðarálag, 90%, beri að reikna á nánar tilgreinda stórhátíðardaga samkvæmt gr. 3.2.3 og í tilviki stefnanda hafi borið að reikna henni það álag á hvítasunnudag 27. maí og 17. júní en báða þá daga hafi hún verið við störf. Þá beri og að greiða yfirvinnulaun fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku. Stefndi hafi virt þessi ákvæði kjarasamnings í engu við útreikninga á launum stefnanda og sé krafist leiðréttingar á því.

Í ákvæði 3.4 í kjarasamningi sé fjallað sérstaklega um vetrarfrí vegna vinnu á helgidögum. Samkvæmt því eignist starfsmenn í vaktavinnu rétt til vetrarfrídaga fyrir vinnu á helgi- og tyllidögum sem skilgreindir séu í ákvæði 2.3. Heimilt sé að greiða 8 stundir í dagvinnu fyrir hvern slíkan áunninn frídag í stað þess að hann sé tekinn og afleysingafólk skuli fá slíka áunna daga gerða upp við starfslok.

Í stefnu greinir að stefnandi hafi unnið þrjá slíka daga á starfstíma sínum hjá stefnda, þ.e. 27. maí (hvítasunnudag), 17. júní og frídag verslunarmanna. Stefnda hafi því borið að gera upp við hana 3x8 dagvinnustundir vegna þessa við starfslok en hafi ekki gert það. Er í stefnu krafist leiðréttingar þessa, en eins og fyrr var um getið féll stefnandi með endanlegri kröfugerð sinni frá hluta þessarar kröfu, þannig að eftir stendur einungis krafa um greiðslu 8 dagvinnustunda vegna frídags verslunarmanna.

Stefnandi kveður að samkvæmt gr. 2.4.3 í kjarasamningi skuli starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma og skuli við það miðað að vikan hefjist á mánudegi. Þessara frídaga hafi stefnandi ekki notið. Stefndi hafi enda viðurkennt það með útreikningi á launaseðli fyrir september 2012. Þar séu stefnanda greiddar 123.318 krónur vegna 17 vantekinna frídaga. Samkvæmt útreikningum Afis stéttarfélags hafi borið að greiða stefnanda 120 dagvinnustundir vegna þessa eða 130.580 krónur og sé því krafist leiðréttingar á því. Sem fyrr segi hafi þegar verið tekið mið af greiðslum sem stefnandi hafi fengið á starfstíma sínum til lækkunar heildarkröfunni.

Krafa stefnanda um greiðslu 18 stunda í frítökurétt byggist á ákvæði gr. 2.4 í kjarasamningi um lágmarkshvöld. Samkvæmt því beri að reikna starfsmanni sem vinni á vöktum rétt til frítöku ef ekki náist 11 tíma hvíld á milli vakta. Þær aðstæður hafi komið upp í júní. Alla laugardaga í þeim mánuði hafi stefnandi unnið til kl. 21:30 en hafið aftur störf kl. 8:00 morguninn eftir. Samtals hafi því safnast þrjár stundir í frítökurétt þann mánuð. Í júlímánuði hafi hið sama verið uppi á teningnum. Stefndi hafi þá unnið til kl. 22:00 alla laugardaga, auk þess sem hún hafi ekki náð lágmarkshvöld aðfaranótt 1. júlí. Með sama hætti og vegna sömu aðstæðna hafi safnast

8,25 stundir í frítökurétt í júlí, 6 stundir í ágúst og loks 0,75 stundir í september. Það séu samanlagt 18 stundir sem stefnda hafi borið að gera upp við stefnanda á dagvinnulaunum við starfslok, en hafi ekki gert og því sé krafist leiðréttingar á því.

Krafa stefnanda um orlof af vangoldnum launum byggist á ákvæðum kjarasamningsins, þ.e. 5. kafla, sbr. og ákvæði laga nr. 30/1987 um orlof. Samkvæmt 8. gr. laganna beri að gera upp við starfslok öll áunnin orlofslaun starfsmanns. Í samræmi við það sé gerð krafa um 10,17% lágmarksorlof af öllum vangoldnum launagreiðslum stefnanda hverju nafni sem þær nefnist.

Kröfur stefnanda séu í öllum atriðum um lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningum, sbr. 1. mgr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um lagarök kveðst stefnandi vísa til meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda samninga og vinnuréttar um réttar efndir ráðningarsamninga. Þá sé og vísað til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, laga nr. 30/1987 um orlof og laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Enn fremur sé vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og laga nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjist við III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðjist við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

III

Stefndi kveður kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi byggða á þeirri málsástæðu að launagreiðslur til stefnanda hafi verið í samræmi við samkomulag aðila og að engu leyti lakari en lágmarkskjör kjarasamnings.

Óumdeilt sé hvaða kjara stefnandi hafi notið en stefndi mótmæli harðlega einhliða tímaskráningu stefnanda sem rangri að verulegu leyti. Vaktaáætlun stefnda fyrir júní til ágúst liggi fyrir í málinu. Þar sjáist að í júní hafi hafist regluleg vaktaskipti sjö ólíkra vakta þar sem verkefni hverrar vaktar hafi verið í samræmi við vinnulýsingu stefnda. Hafi stefnandi gengið sams konar vakt sömu vikudaga, þannig að svipuð verk hafi verið unnin á hverjum mánudegi o.s.frv. Frá 20. maí til 31. maí

hafi hins vegar verið gengnar fimm ólíkar vaktir, þar sem færri gestir hafi verið á hótelinu svo snemma sumars. Í september hafi vaktir einnig riðlast verulega.

Eftirtalin atriði telji stefndi röng í tímaskráningu stefnanda:

Tímabilið 20. maí til 31. maí: Dagana 21. maí, 26. maí og 31. maí hafi stefnandi verið í tveggja tíma frí yfir miðjan daginn sem hún hafi ekki getið um. Vinna hennar þessa daga hafi því verið frá kl. 9:30 til kl. 12:30 og kl. 14:30 til kl. 18:00.

Þriðjudagar frá 1. júní: Þriðjudagsvaktir séu nr. 3 á vinnulýsingu stefnda. Nær alla þriðjudaga til starfsloka kveðist stefnandi hafa unnið frá kl. 9:00 til kl. 13:30 og kl. 17:45 til kl. 21:30 eða 22:00. Hér mótmæli stefnandi því að fyrri vakt hafi að meðaltali staðið lengur en til kl. 12:30 og síðari vakt lengur en til kl. 20:30. Vísist um það til vinnulýsingar stefnda þar sem fram komi að vaktinni eigi að ljúka á þeim tíma.

Miðvikudagar frá 1. júní: Miðvikudagsvaktir séu nr. 4 á vinnulýsingu stefnda. Á miðvikudögum kveðist stefnandi hafa unnið frá kl. 9:00 til kl. 13:00 og kl. 18:50 til kl. 22:00 eða 22:30. Hér mótmæli stefnandi því að fyrri vakt hafi að meðaltali staðið lengur en til kl. 12:30 og síðari vakt lengur en til kl. 22:00.

Fimmtudagar frá 1. júní: Fimmtudagsvakt sé lýst sem vakt nr. 5 á vinnulýsingu stefnda. Á fimmtudögum kveðist stefnandi hafa unnið frá kl. 9:30 til kl. 22:00. Þessu sé mótmælt, það sé reynsla eigenda stefnda að þessi vakt standi ekki lengur en til kl. 17:00 með matarhléi. Hafi stefnandi nokkurn tímann unnið lengur en það geti það ekki stafað af öðru en því að hún hafi tekið sér hlé frá vinnu yfir miðjan daginn.

Föstudagar frá 1. júní: Föstudagsvaktir séu nr. 6 á vinnulýsingu stefnda. Á föstudögum kveðist stefnandi hafa unnið frá kl. 9:30 til kl. 13:00 og frá kl. 18:50 til kl. 21:30 eða 22:00. Hér mótmæli stefnandi því að fyrri vakt hafi að meðaltali staðið lengur en til 12:30 og síðari vakt lengur en til 22:00 [sic].

Laugardagar frá 1. júní: Laugardagsvaktir séu nr. 7 á vinnulýsingu stefnda. Á laugardögum kveðist stefnandi hafa unnið frá kl. 9:30 til kl. 13:30 og frá kl. 18:50 til kl. 21:30 eða 22:00. Hér mótmæli stefnandi því að fyrri vakt hafi að meðaltali staðið lengur en til kl. 12:30 og síðari vakt lengur en til kl. 20:30. Vísist um það til vinnulýsingar stefnda, þar sem fram komi að vaktinni eigi að ljúka á þeim tíma.

September: Sérstaklega skuli bent á að september sé frábrugðinn öðrum mánuðum í tímaskráningu stefnda [sic] og flesta daga hafi hún ekki unnið nema 2 til 4 tíma samkvæmt eigin tímaskráningu en hafi hins vegar fengið greidd full mánaðarlaun fyrir þann mánuð.

Komi þá til skoðunar um hvaða kjör hafi verið samið í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands vegna veitinga- og gististarfsemi, og hvernig kjör stefnanda hafi verið í samanburði. Verði í þeim samanburði miðað við tímaskráningu stefnanda að því leyti sem stefndi fallist á hana.

Fallist sé á það með stefnanda að hún hafi verið í vaktavinnu hjá stefnda frá 20. maí til 27. september 2012. Um vaktavinnu sé fjallað í 3. kafla nefnds kjarasamnings. Í gr. 3.1.2 segi að vakt skuli eigi vera lengri en 12 klst. og eigi skemmri en 3 klst. Því sé vísað á bug að sú vinnutilhögun að hafa tvær vaktir sama daginn, oft með 5 eða 6 klukkustunda frítíma á milli, brjóti í bága við kjarasamninginn.

Rétt sé að gera grein fyrir vinnutíma stefnanda á viku frá 1. júní, aðra daga en sunnudaga þar sem greitt hafi verið sérstaklega fyrir þá: Mánudagar 5,5 tímar. Þriðjudagar 2,5 tímar og 3 tímar (33% álag). Miðvikudagar 3,5 tímar og 3,17 tímar (33% álag). Fimmtudagar 7,5 tímar. Föstudagar 3 tímar og 3,17 tímar (33% álag). Laugardagar 6 tímar (45% álag). Miðað sé við að engin vakt geti verið styttri en 3 tímar skv. ákvæði 3.1.2 í kjarasamningi. Samtals sé hér um að ræða 22 tíma á venjulegum taxta, 9,34 tíma með 33% álagi og 6 tíma með 45% álagi, eða alls 37,34 tíma. Sé það vel innan við þann tímafjölda sem samið hafi verið um við stefnanda. Vísar stefndi þar um til framlagðs bréfs ráðningarfyrirtækisins Nínukots ehf. til stefnanda, dags. 1. júlí 2011.

Séu vikulaun reiknuð samkvæmt kjarasamningi fyrir þennan tímafjölda og miðað við sama tímakaup og stefnandi geri í útreikningum sínum fáist út: $22 \times 1.088 + 9,34 \times 1.447 + 6 \times 1.558$ [sic] = 46.799 krónur, sem séu vikulaun. Til þess að finna meðalmánaðarlaun sé margfaldað með 4,2 sem sé meðalfjöldi vikna í mánuði og fáist þá út 196.556 krónur. Mánaðarlaun stefnanda hafi hins vegar verið 197.155 krónur og séu þau hlunnindi sem stefnandi hafi notið að auki tekin með í reikninginn sé augljóst að hún hafi notið mun betri kjara en samkvæmt kjarasamningi. Þá beri að líta til bónusgreiðslu í lok september að fjárhæð 60.000 krónur og þess að í september hafi stefnandi unnið samkvæmt eigin tímaskráningu helmingi færri tíma en aðra mánuði, en hafi engu að síður notið fullra launa. Þann mánuð hafi kjör hennar verið verulega betri en kjarasamningur geri ráð fyrir.

Eftirtöldum atriðum í þeim útreikningum Afís sem stefnandi byggi kröfur sínar á sé mótmælt sérstaklega:

- Útreikningarnir miðist allir við að þá daga sem stefnandi hafi gegnt tveimur aðskildum vöktum hafi aðeins verið um eina vakt að ræða. Það fái ekki staðist að stefnandi eigi rétt á launum frá hádegi fram á kvöld þá daga sem hún hafi ekki verið við vinnu á þeim tíma. Ákvæði gr. 3.1.2 í kjarasamningi veiti stefnanda engan rétt á slíkum kjörum og þar sé hvergi kveðið á um að „vinnudagurinn skuli vera samfelldur“ líkt og haldið sé fram í stefnu.
- Í gr. 3.4 í kjarasamningi sé fjallað um vetrarfrí vegna vinnu á helgidögum. Þar komi skýrlega fram í ákvæði gr. 3.4.1 að réttur til vetrarfrídaga eigi aðeins við vegna vinnu um helgi- og tyllidaga sem falli á mánudaga til föstudaga. Stefnandi geri hins vegar kröfu um vetrarfrí vegna vinnu á hvítasunnudag og 17. júní sem hafi verið sunnudagur. Aðeins sé fallist á að stefnandi hafi átt rétt á umræddu vetrarfrí eða 8 dagvinnutímum vegna vinnu á frídegi verslunarmanna. Kjör hennar hafi hins vegar að öðru leyti verið mun ríflegri en kjarasamningur kveði á um svo að ljóst sé að stefnandi hafi hvergi verið hlunnfarin.
- Í gr. 2.4.2 í kjarasamningi sé fjallað um frítökurétt vegna vinnu umfram lágmarkshvöld. Þar segi í 4. mgr. að ákvæðin eigi ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá sé heimilt að stytta hvíldartíma í allt að 8 klukkustundir. Þessi liður í kröfu stefnanda fái ekki staðist.
- Því sé mótmælt að stefnandi hafi nokkru sinni unnið meira en 40 tíma á viku og eigi því rétt á yfirvinnutímum.
- Því sé mótmælt að stefnandi eigi nokkrar greiðslur inni hjá stefnda vegna vinnu á sunnudögum og frídögum. Við starfslok hafi stefnandi fengið útgreidda 17 unna frídaga og þar að auki þrjá óunna daga í septembermánuði.
- Desemberuppbót og orlofsuppbót hafi þegar verið greidd.

Dómkrafa stefnanda sé á þeirri forsendu byggð að kjör hennar hafi verið lakari en samið hafi verið um af aðilum vinnumarkaðarins. Eigendur stefnda hafi hagað launagreiðslum til starfsmanna sinna með þeim hætti að bjóða þeim föst mánaðarlaun sem þau hafi verið viss um að væru betri en kjör kjarasamnings. Þegar metið sé hvort laun og önnur starfskjör, sem samið sé um við ráðningu starfsmanns, séu lakari en starfskjör samkvæmt kjarasamningi sé mikilvægt að litið sé til heildarkjaranna. Þannig beri ekki aðeins að miða við mánaðarlaun, heldur einnig aukalegar greiðslur og

hlunnindi. Sé það gert sé ljóst að kjör stefnanda hafi verið mun betri en lágmarkskjör kjarasamnings.

Stefndi kveðst í öðru lagi byggja sýknukröfu sína á þeirri málsástæðu að eigendur stefnda og stefnandi hafi komið sér saman um að haga vinnutíma með þeim hætti að hann yrði ekki samfelldur á degi hverjum. Vinnutilhögun hafi verið rædd í þaula við stefnanda áður en hún hafi hafið störf sumarið 2011. Hafi hún engar athugasemdir gert við að vinnutími yrði marga daga ekki samfelldur frá morgni til kvölds og hafi unnið með þeim hætti allt sumarið 2011 og sumarið 2012. Þetta hafi hentað stefnanda vel, því að hún hafi þá getað notað dagana til þess að kynnast landi og þjóð.

Í kjarasamningi sé sérstaklega getið um heimild vinnuveitanda og starfsfólks til að semja á þennan hátt í gr. 2.1.2. Þar segi: „Dagvinnutímabil er frá kl. 08:00 – kl. 17:00 mánudaga til föstudaga. Vinni starfsmaður í fleiri en einni deild hjá sama launagreiðanda er samanlagður dagvinnutími hans að hámarki 8 klst. á dag/40 klst. á viku. Dagvinna hvers starfsmanns skal unnin með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum og aldrei hefjast fyrir en kl. 07:00. Upphaf dagvinnu hvers starfsmanns skal ákveðið í ráðningarsamningi hans og verður ekki breytt nema að undangenginni uppsögn eða með samkomulagi. Heimilt er að haga dagvinnutíma með öðrum hætti en að framan greinir, ef vinnuveitandi og starfsfólk kemur sér saman um það. [undirstrikanir stefnda]“

Veki það furðu eigenda stefnda að stefnandi ætli sér nú að horfa framhjá þessu samkomulagi aðila og krefjast launa fyrir tugi klukkustunda á viku þegar hún hafi ekki verið í vinnu heldur að njóta lands og náttúru.

Í þriðja lagi byggja stefndi á þeirri málsástæðu að kröfur stefnanda séu niðurfallnar vegna tómlætis. Stefnandi hafi unnið athugasemdalaust í tvö sumur samkvæmt þeim kjörum sem hún segi nú vera helmingi lakari en þau ættu að vera samkvæmt kjarasamningi. Hún hafi aldrei gert tilraun til að ræða þau mál við eigendur stefnda og það hafi fyrst verið árið 2013 sem kröfubréf hafi borist fyrir hennar hönd.

Í vinnurétti sé vægi tómlætis mikið og verði að telja stefnanda hafa sýnt það af sér í þessu máli með þeim langa tíma sem hafi liðið þar til hún hafi kvartað yfir kjörum sínum. Í verki hafi hún samþykkt þau kjör sem hún hafi notið og geti hún ekki krafist stefnda um frekari greiðslur svo löngu síðar.

Um lagarök fyrir málskostnaðarkröfu vísar stefndi til 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV

Í máli þessu greinir aðila á um hvort launagreiðslur til stefnanda, vegna starfa hennar á hóteli hins stefnda einkahlutafélags í Örfasaveit á tímabilinu 20. maí til 27. september árið 2012, hafi náð lágmarkskjörum samkvæmt kjarasamningi. Er þar átt við samning milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands (vegna annarra aðildarfélaga en Eflingar, Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis) vegna veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölastaða og hliðstæðrar starfsemi með gildistíma frá 22. júní 2011 til 31. janúar 2014, sem aðilar eru sammála um að gilt hafi um þau lágmarkskjör.

Eins og fyrr var rakið var ekki gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda um það tímabil sem hér er til umfjöllunar, en óumdeilt er að stefnandi vann vaktavinnu. Einnig verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi verið ráðin í fullt starf sumarið 2012, líkt og sumarið 2011, enda hefur þeirri fullyrðingu í stefnu ekki verið sérstaklega mótmælt og málatilbúnaður stefnda gefur ekki tilefni til annarrar ályktunar.

Ágreiningslaust er að vinnufyrirkomulagi á hóteli stefnda var þannig háttað að suma daga vikunnar hóf stefnandi störf að morgni, en síðan varð hlé á verkum hennar um miðjan daginn þar til störf hennar hófust að nýju síðdegis og stóðu þá fram á kvöld. Stendur meginágreiningur aðila um það hvort stefnanda beri í þeim tilvikum laun eins og um samfelldan vinnutíma frá morgni til kvölds hafi verið að ræða, líkt og stefnandi krefst. Byggir stefndi á því að með aðilum hafi verið samkomulag um þá vinnuskipan og jafnframt á því að slíkt fyrirkomulag samþýðist kjarasamningi, en stefnandi mótmælir hvoru tveggja.

Stendur ágreiningur aðila þannig um túlkun nefnds kjarasamnings, sérstaklega ákvæðis gr. 3.1.2, sem er svo hljóðandi: „Vakt skal eigi vera lengri en 12 klst. og eigi skemmri en 3 klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild og ber vinnuveitandi greiðsluskyldu fyrir allan vaktímann, nema starfsmaður óski eftir að taka sér frí.“

Af hálfu málsaðila hafa hvorki verið lögð fram gögn né leidd vitni sem við er að styðjast við túlkun framangreinds kjarasamningsákvæðis.

Þegar litið er til texta gr. 3.1.2 kjarasamningsins er hvorki þar né í öðrum ákvæðum 3. kafla tekið fram berum orðum að vinnuskipan í vaktavinnu megi haga þannig að unnar séu fleiri en ein „vakt“ innan sama sólarhringsins. Ekki er heldur

beinlínis tekið fram að slík vinnuskipan sé almennt óheimil, þótt vísbending um það kunni að felast í niðurlagi ákvæðisins.

Í 2. kafla kjarasamningsins, sem ber heitið „um vinnutíma“, segir í gr. 2.1.2 að „dagvinna hvers starfsmanns [skuli] unnin með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum“. Ákvæði þetta er að vísu að finna í undirkafla sem ber heitið „dagvinna“ og ekki er sérstaklega vísað til þeirrar greinar í gr. 3.1.2 um vaktavinnu. Á hinn bóginn er ljóst að 2. kafli kjarasamningsins hefur að geyma ýmis almenn ákvæði um vinnu- og hvíldartíma og er til sumra þeirra vísað í 3. kafla samningsins, s.s. ákvæða um yfirvinnu og hátíðisdaga.

Sú vinnuskipan sem stefndi byggir á að sé heimil samkvæmt kjarasamningi, að láta starfsmann vinna tvær vaktir sama daginn, verður að teljast óvenjuleg í samanburði við það sem almennt gengur og gerist á vinnumarkaði. Var því full ástæða til að mæla skýrlega fyrir um það í kjarasamningi hafi ætlun samningsaðila staðið til þess að slíkt fyrirkomulag væri almennt heimilt. Í ljósi þess að það var ekki gert standa að álitni dómsins ekki rök til annars en að virða þá reglu um samfellda vinnuskipan sem fram kemur í gr. 2.1.2 kjarasamningsins sem meginreglu sem komi til fyllingar við túlkun á ákvæðum 3. kafla kjarasamningsins. Sýnist sá skilningur jafnframt samræmast betur niðurlagi gr. 3.1.2 kjarasamningsins, þar sem mælt er fyrir um að vinnuveitandi beri greiðsluskyldu fyrir allan vakttímann, nema starfsmaður óski eftir að taka sér frí.

Sú skýring sem að framan greinir þarf ekki að fela í sér takmörkun á samningsfrelsi aðila, enda leiðir af henni að til fyllingar gr. 3.1.2 verður þá jafnframt að líta til þeirra ákvæða gr. 2.1.2 sem heimila að dagvinnutíma sé hagað með öðrum hætti „ef vinnuveitandi og starfsfólk kemur sér saman um það“.

Samkvæmt framanrituðu er það niðurstaða dómsins að skýra verði gr. 3.1.2 umrædds kjarasamnings svo að vinnuveitanda sé ekki heimilt að láta starfsfólk vinna fleiri en eina vakt daglega, nema sérstaklega sé um annað samið.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu kemur til skoðunar hvort með aðilum máls þessa hafi samist um þá tvískiptu vinnuskipan sem óumdeilt er að stefnandi vann eftir suma daga vikunnar.

Eins og fyrr kom fram hlutaðist stefndi ekki til um að gengið yrði frá skriflegum ráðningarsamningi við stefnanda vegna starfstíma hennar sumarið 2012, eins og stefnda bar að gera skv. gr. 1.15 kjarasamningsins, eða staðfesta a.m.k. ráðningu stefnanda skriflega. Í þeim ráðningarsamningi sem þó liggur fyrir milli aðila

vegna sumarsins 2011 og bréfi ráðningarfyrirtækis til hennar, dags. 1. júlí 2011, var ekki kveðið á um fyrirkomulag vakta. Stefndi byggir ekki á því að samist hafi skriflega um nefnda vinnuskipan, heldur á því að stefnandi hafi um allnokkra hríð unnið eftir umræddu fyrirkomulagi á hóteli stefnda, þ.e. sumrin 2011 og 2012, án nokkurra athugasemda og þannig samþykkt þá tilhögun í verki. Bar hótelsstjórinn Anna Sigríður Jóhannsdóttir fyrir dómi um að stefnandi hafi verið upplýst munnlega um vinnufyrirkomulag á hótelinu áður en hún hóf störf sumarið 2011. Verður ekki annað séð en að það sé í sjálfu sér ágreiningslaust að stefnanda hafi verið fullkunnugt um hið tvískipta vinnufyrirkomulag, eins og hennar eigin tímaskráningar eru til marks um, en stefnandi mótmælir því hins vegar að um slíkt fyrirkomulag hafi verið samið heldur hafi stefndi ákveðið það einhliða.

Samkvæmt framlögðum vaktatöflum og starfslýsingum stefnda, sem nánar verður vikið að hér síðar, störfuðu fleiri starfsmenn eftir sama vaktafyrirkomulagi og stefnandi. Bendir það fremur til þess að vaktafyrirkomulagið hafi hentað þörfum hótelsreksturs stefnda og er raunar ekki á því byggt af hálfu stefnda að vinnuskipan þessi hafi komist á að frumkvæði og ósk stefnanda, heldur einungis að hún hafi samþykkt hana í verki. Staðhæfingar stefnda um að nefnd vinnuskipan hafi hentað stefnanda vel, svo að hún gæti nýtt tímann milli vakta fyrri og seinni hluta dags til að „kynnast landi og þjóð“, þykja ekki eiga sér stoð í gögnum málsins.

Að framanrituðu virtu verður að leggja til grundvallar að hin tvískipta vinnuskipan hafi verið einhliða ákveðin af hálfu stefnda. Það eitt að stefnandi hafi athugasemdalaust unnið eftir því fyrirkomulagi um nokkra hríð þykir ekki fullnægjandi til sönnunar um að samkomulag hafi tekist með aðilum um að víkja frá meginreglu kjarasamningsins um samfellda vinnuskipan. Þykir stefndi, gegn mótmælum stefnanda, verða að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Verður því lagt til grundvallar að stefnanda hafi borið laun eins og um samfelldan vinnutíma hafi verið að ræða þá daga sem vinnuskipan var tvískipt, líkt og krafist er.

Ágreiningur aðila lýtur jafnframt að skráningu vinnustunda stefnanda, en það athugist að með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu gerist ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvenær „fyrri vakt“ stefnanda þá daga sem vinnuskipulagið var með tvískiptum hætti, hafi lokið. Óumdeilt er hvenær stefnandi hóf störf að morgni. Það sem helst ber í milli stefnanda og stefnda varðar því í meginatriðum það hve langt fram á kvöld stefnandi hafi unnið þau kvöld sem ágreiningslaust er að hún vann og hvort hún hafi unnið öll fimmtudagskvöld í júní, júlí og ágúst 2012, líkt og

tímaskráning hennar gefur til kynna, en stefndi kveður stefnanda lengst geta hafa unnið til kl. 17 þá daga, miðað við starfslýsingu fyrir þann vikudag.

Krafa stefnanda er reist á hennar eigin tímaskráningu sem handrituð hefur verið inn á dagatal, en neðst á hverri blaðsíðu dagatalsins er að finna prentaðar ábendingar á íslensku þar sem vakin er athygli á ýmsum réttindum launþega. Mótmælir stefndi tímaskráningu stefnanda sem einhliða og rangri og bendir á að skráningin virðist ekki hafa verið færð jafnóðum, heldur eftir á. Fallast verður á það með stefnda að útlit framlagðra skjala með tímaskráningu stefnanda styðji ekki sérstaklega að skráningin hafi verið haldin jafnóðum, m.a. í ljósi þess að skráð vinnutímabil hvers vikudags eru í flestum tilvikum nákvæmlega þau sömu milli vikna. Af framburði vitnisins Hjördísar Þóru Sigurþórsdóttur, formanns Afls starfsgreinafélags, fyrir dómi varð þó ráðið að tímaskráningar stefnanda hafi borist starfsgreinafélaginu haustið 2012 og er ljóst að þær hljóta í síðasta lagi að hafa legið fyrir áður en útreikningur á kröfu stefnanda var sendur stefnda með bréfi, dags. 7. janúar 2013.

Ekki er að sjá að af hálfu stefnda hafi verið haldin nein skrá yfir vinnustundir stefnanda, heldur eru mótmæli stefnda byggð á því að tiltekin verk hafi tekið ákveðinn tíma „að meðaltali“ og samkvæmt „reynslu eigenda stefnda“, auk þess sem að nokkru er byggt á tímasetningum í starfslýsingum stefnda.

Í málinu liggja fyrir starfslýsingar sem óumdeilt er að stafi frá stefnda, annars vegar á blaði merktu „19. maí – 31. maí“, með tölusetnum starfslýsingum nr. 1 til 5 og hins vegar á blaði merktu „e/1. júní“ með tölusetnum starfslýsingum nr. 1 til 7. Á báðum blöðum er að finna tvær starfslýsingar til viðbótar sem merktar eru sérstaklega með nöfnum tveggja íslenskra starfsmanna stefnda og hafa ekki þýðingu í máli þessu, enda óumdeilt og verður ráðið af áðurnefndum vaktatöflum að þeir starfsmenn hafi einir unnið samkvæmt þeim starfslýsingum.

Þá liggur fyrir ljósrít af þremur töflum sem munu vera vaktatöflur fyrir starfsmenn stefnda á hótelinu fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst 2012, en júnítaflan nær þó einungis frá 7. júní. Af töflunum verður ráðið að stefnanda hafi verið ætlað að vinna hvern einasta dag vikunnar eftir starfslýsingum tölusetnum nr. 1 til 7, á móti 6 öðrum starfsmönnum, þannig að stefnandi vann alltaf samkvæmt sömu starfslýsingu sama vikudaginn, a.m.k. það tímabil sem vaktatöflurnar taka til. Ekki liggja fyrir samsvarandi töflur fyrir maí og september 2012 og síðarnefndan mánuð munu vaktir hafa riðlast nokkuð, þegar umsvif hótélrekstursins minnkuðu.

Í þeim starfslýsingum sem áttu við um störf stefnanda og hafa einungis verið lagðar fram á enskri tungu, kemur ávallt fram hvenær vinna hefjist að morgni og er það ýmist kl. 8, 9, eða 9:30. Í sumum lýsinganna er tímasetningar á einstökum verkum getið, t.d. „Helps in the kitchen until 10.00“ en hvergi er þar beinlínis getið um það hvenær vinnu fyrri hluta dags eigi að vera lokið. Í sumum lýsinganna er síðan getið um tímasetningar seinnipart dags (ýmist kl. 17:45, 18:00 eða 18:50) og virðast verk þá hafa átt að hefjast að nýju, yfirleitt tengd kvöldverði, frágangi og undirbúningi morgunverðar daginn eftir. Er þar í einu tilviki (starfslýsingu nr. 2) á blaði vegna maímánaðar og í tveimur tilvikum á blaði merktu „e/1. júní“ (starfslýsingum nr. 3 og 7) getið um það hvenær verkum eigi að ljúka með orðunum „Finish at 20:30“. Í öðrum tilvikum er ekki getið um það hvenær störfum eða vakt eigi að vera lokið, hvorki fyrri né seinni hluta dags.

Samkvæmt gr. 3.1.4 og 3.1.5 kjarasamningsins bar stefnda skylda til þess að gera vaktaskrá þar sem fram kæmi tímalengd vakta, m.a. með tilliti til upphafs og endis þeirra. Hér að framan hefur verið lýst þeim vaktatöflum og tilheyrandi starfslýsingum stefnda sem liggja fyrir í málinu. Þegar þau gögn eru virt saman má með góðum vilja telja þau fela í sér vaktaskrá. Ekki verður þó hjá því litið að með þeirri aðferð sem stefndi viðhafði var ekki kveðið á um tímalengd vakta og einungis í fáum tilvikum skilgreindar tímasetningar sem álitamál er hvort fólu í sér fyrirmæli um lok vaktar eða voru einungis höfð til leiðbeiningar um það hvenær tilteknum störfum ætti almennt að vera lokið.

Í greinargerð stefnda var skorað á stefnanda að „mæta fyrir dómi og svara spurningum við aðalmeðferð málsins“, enda byggðist kröfugerð hennar „nær eingöngu á hennar fullyrðingum og eigin tímaskráningum“. Skýrði stefndi þessa áskorun nánar undir rekstri málsins með því að óska bókunar í þingbók um að þess væri krafist að stefnandi kæmi í eigin persónu fyrir dóminn en gæfi ekki skýrslu í gegnum síma frá heimalandi sínu, ef til þess kæmi að hún gæfi aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Brást stefnandi við með þeim hætti að ákveða að gefa ekki aðilaskýrslu fyrir dómi. Ekki var af hálfu stefnda gerð krafa um að dómari kveddi stefnanda fyrir dóm til skýrslugjafar, sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður það ekki virt stefnanda til lasts að hafa kosið að gefa ekki aðilaskýrslu fyrir dómi.

Eins og fyrr sagði er ekki við aðra skráningu á vinnutíma stefnanda að styðjast en hennar eigin skráningu, sem eins og fyrr sagði lá a.m.k. fyrir við útreikning Aflls starfsgreinafélags á kröfu stefnanda 7. janúar 2013. Samræmist tímaskráning

stefnanda í meginatriðum starfslýsingum stefnda sjálfs, þó þannig að ágreiningur stendur um það hvort stefnandi hafi unnið um 1-2 klst. lengur hverju sinni og hvort hún hafi unnið lengur en til kl. 17 á fimmtudögum.

Af hálfu stefnda hafa ekki verið lögð fram nein gögn né leidd vitni sem hnekkir hafa framangreindri tímaskráningu stefnanda. Framburð Önnu Sigríðar Jóhannsdóttur hóteltjóra verður að meta með hliðsjón af tengslum vitnisins við hið stefnda einkahlutafélag og fyrirsvarsmann þess, en vitnið kvaðst vera eiginkona hans og meðeigandi að félaginu. Framburður vitnisins varpaði auk þess litlu sem engu ljósi á það hvers vegna réttmæti skráningar stefnanda á vinnustundum hennar sé dregið í efa.

Með vísan til alls framanritaðs, sérstaklega þeirra annmarka á vaktaskrá sem lýst er hér að framan, þykir stefndi, eins og hér stendur á, verða að bera hallann af því að skráningu stefnanda á vinnustundum hennar hefur ekki verið hnekkir. Verða þær skráningar því lagðar til grundvallar niðurstöðu málsins.

Eins og fyrr sagði er enginn ágreiningur um það með aðilum að leggja beri til grundvallar ákvæði nefnds kjarasamnings varðandi þau lágmarkskjör sem stefnanda báru, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur ákvæði þeirrar lagagreinar ekki verið skýrt svo að það bindi hendur launagreiðanda og starfsmanns um sérhvert atriði ráðningarsamnings eitt út af fyrir sig, heldur þannig að starfskjör metin í einni heild verði að nema því lágmarki sem kjarasamningur tryggir, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 22. nóvember 2007 í máli nr. 118/2007 og frá 3. febrúar 2000 í máli nr. 351/1999.

Stefndi byggir á því að við mat á því hvort kjör stefnanda hafi verið undir lágmarkskjörum samkvæmt kjarasamningi þurfi að fara fram heildstætt mat á kjörum stefnanda og þar inn í þurfi að koma mat á hlunnindum sem stefndi kveður hafa falist í fríu húsnæði og fæði fyrir stefnanda á hótelinu, auk aðgangs hennar og annarra starfsmanna að bifreið og eldsneyti til skemmri ferðalaga. Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnda vísað til reglna ríkisskattstjóra um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2012, nr. 1283 frá 29. desember 2011 og dregnar af þeim ályktanir um virði nefndra hlunninda. Var þeim ályktunum mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram komnum málsástæðum. Sú málsástæða að hlunnindi beri að meta við heildarmat á kjörum stefnanda kemur fram í greinargerð stefnda og verður því um hana fjallað.

Laun launþega ber almennt að greiða í peningum, sbr. lög nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups. Í þeim kjarasamningi sem hér um ræðir er heldur ekki gert ráð fyrir öðrum greiðslumáta, sbr. 1. kafla hans. Jafnvel þótt ekki verði útilokað að semja

mætti um annan greiðslueyri launa, er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að samið hafi verið um það við stefnanda að laun hennar greiddust að hluta með fríðindum. Hugsanlegri ráðagerð þar um í bréfi ráðningarfyrirtækis til stefnanda, dags. 1. júlí 2011, virðist ekki hafa verið fylgt eftir. Hefur stefndi ekki sýnt fram á að í rekstri félagsins hafi í reynd verið litið á kostnað af gistingu, fæði og afnotum starfsmanna af bifreið sem hlunnindi starfsmanna, fremur en rekstrarkostnað, a.m.k. er hvorki að sjá að þau „hlunnindi“ stefnanda hafi verið metin til verðs og gefin upp til skatts, eins og nefndar reglur ríkisskattstjóra gera ráð fyrir. Þegar af framangreindum ástæðum þykir stefndi ekki geta borið fyrir sig að nefnd „hlunnindi“ beri að meta sem hluta af launakjörum stefnanda og verður þeirri málsástæðu hafnað.

Þá byggir stefndi á því að við heildarmat á kjörum stefnanda verði að líta til þess að stefnanda hafi verið greidd full mánaðarlaun fyrir septembermánuð, enda þótt raunverulegur fjöldi unninna vinnustunda hennar hafi samkvæmt skráningu hennar sjálfrar verið mun minni en sem svari til fulls starfs. Eins og fyrr var rakið verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi verið ráðin til að gegna fullu starfi gegn greiðslu mánaðarlauna allt fram til 27. september 2012. Hefur stefndi ekki byggt á öðru og benda gögn sem stafa frá honum, s.s. bréf til Afls starfsgreinafélags, dags. 23. janúar 2013, ekki til annars. Af því leiðir að stefnandi átti rétt til umsaminna mánaðarlauna í hlutfalli við ráðningartíma sinn, fram til 27. september 2012, og breytir engu þótt stefndi hafi ekki getað nýtt starfskrafta stefnanda til fulls í septembermánuði.

Sýknukrafa stefnda er jafnframt byggð á málsástæðu um tómlæti stefnanda. Ekki verður á það fallist að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti við að halda fram kröfu sinni, sem er krafa um lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningi og var sett fram með bréfi Afls starfsgreinafélags til stefnda, dags. 7. janúar 2013, ásamt meðfylgjandi útreikningi.

Samkvæmt greinargerð stefnda er ekki tölulegur ágreiningur í málinu um það tímakaup og álagsgreiðslur sem miða ber við samkvæmt kjarasamningi og staðfesti lögmaður stefnda það við munnlegan flutning málsins. Þá sýnast mótmæli stefnda við kröfu stefnanda um greiðslu fyrir yfirvinnustundir ekki byggð á öðrum röksemdum en þeim sem þegar hefur verið tekin afstaða til, þ.e. varðandi heimild til að skipta daglegum vakttíma stefnanda í tvennt og um sönnunargildi skráningar stefnanda á unnum vinnustundum. Með breyttri kröfugerð stefnanda var komið til móts við mótmæli stefnda við kröfu um rétt til vetrarfrísdaga og er að svo komnu enginn

ágreiningur um að réttur stefnanda til greiðslu vegna vetrarfrís nemi 8 klst. dagvinnukaupi eða alls 8.704 krónum.

Sá hluti kröfu stefnanda er varðar frítökurétt, 18 klst. á dagvinnukaupi, er á því byggður að sá réttur hafi myndast þegar ekki hafi náðst 11 tíma hvíld milli vakta, sbr. gr. 2.4 í kjarasamningi, en samkvæmt gr. 2.4.1 ber að haga vinnutíma þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Er í 2. og 3. mgr. gr. 2.4.2 kveðið á um heimild til frávika frá þessu vegna „sérstakra aðstæðna“ og að skerðing leiði til frítökuréttar, 1,5 klst. sem safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Í 4. mgr. segir síðan: „Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst.“ Byggir stefndi kröfu sína um sýknu af kröfu stefnanda um frítökurétt á þessu síðastnefnda ákvæði.

Þegar skoðaður er útreikningur á kröfu stefnanda frá Afli starfsgreinafélagi og tímaskráning stefnanda sem sá útreikningur byggist á sést að í öllum tilvikum nema einu er um að ræða kröfu vegna skerts hvíldartíma aðfaranótt sunnudaga í júní, júlí, ágúst og byrjun september 2012. Þegar litið er til þess hvernig vinnuskipan stefnanda var háttað, þar sem hún vann nánast alla daga á því tímabili sem frítökuréttur er talinn hafa stofnast, oft á vöktum sem stóðu frá morgni og fram á kvöld, og þess að stefndi hefur ekki gert nánari grein fyrir því hvers vegna líta beri svo á að um „skipuleg vaktaskipti“ hafi verið að ræða, þykir stefndi verða að bera hallann af því að ósannað telst að heimilt hafi verið að stytta hvíldartíma stefnanda niður í 8 klst. Gerist þá ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvort ákvæði 4. mgr. gr. 2.4.2 feli í sér heimild til skerðingar hvíldartíma án þess að frítökuréttur safnist upp. Samkvæmt framangreindu verður fallist á kröfu stefnanda vegna 18 klst. frítökuréttar, samtals að fjárhæð 19.584 krónur.

Stefnandi krefur stefnda um greiðslu á 130.560 krónum vegna þeirra vikulegu frídaga sem stefnandi átti rétt á en vann engu að síður. Miðast sú krafa við að fyrir hvern þeirra vikulegu frídaga sem stefnandi vann beri að greiða fyrir 8 klst. dagvinnu, þ.e. 32 klst. í júní, 40 klst. í júlí, 16 klst. í ágúst og 32 klst. í september, samtals 120 klst., sem samsvarar þá 15 frídögum. Til frádráttar kröfu stefnanda koma þær 123.318 krónur sem stefnanda voru greiddar við starfslok hennar, vegna 17 vantekinna frídaga samkvæmt því sem greinir á launaseðli vegna septembermánaðar. Ekki er ljóst af greinargerð stefnda í hverju munur á útreikningum stefnda og stefnanda liggur, en við munnlegan málflutning var á lögmanni stefnda að skilja að munurinn lægi í því hvort

unninn frídagur reiknaðist til 8 klst., eins og stefnandi byggir á, eða skemmri tíma m.t.t. til vinnuskipulags. Nýtur krafa stefnanda um að frídagurinn sé metinn til 8 klst. á dagvinnulaunum vissrar stoðar í gr. 2.4.4 kjarasamningsins, þar sem kveðið er á um að starfsmaður eigi rétt á að fá frí sem samsvarar 8 dagvinnuklukkustundum fyrir hvern frídag sem glatast við aðstæður sem þar eru tilgreindar, þótt þær aðstæður eigi ekki beinlínis við hér. Þykir stefndi ekki hafa fært nein haldbær rök fram fyrir mótmælum sínum við kröfu stefnanda, auk þess sem um óverulega fjárhæð er að ræða sem ber í milli aðila, eða ríflega 7 þúsund krónur. Verður því fallist á kröfu stefnanda að framangreindri fjárhæð.

Samkvæmt öllu framanrituðu hefur öllum málsástæðum stefnda fyrir kröfu um sýknu af kröfum stefnanda verið hafnað. Er því í máli þessu fallist að fullu á kröfur stefnanda um greiðslu á stefnufjárhæðinni, en við útreikning þeirrar fjárhæðar hefur verið tekið fullt tillit til þeirra launagreiðslna sem stefndi hefur þegar innt af hendi til stefnanda, þar á meðal greiðslna umfram skyldu vegna 28.—30. september 2012 og 60.000 króna bónusgreiðslu. Kröfu stefnanda um dráttarvexti hefur ekki verið sérstaklega mótmælt og á hún sér stoð í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Verður sú krafa því tekin til greina eins og nánar greinir í dómsorði.

Með hliðsjón af úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 900.000 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan, að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, en dómsuppsaga dróst vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Hof 1 hótél ehf., greiði stefnanda, Anja Richter, 1.099.071 krónu, með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 49.218 krónum frá 1. júní 2012 til 1. júlí 2012, þá af 391.526 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2012, þá af 761.059 krónum frá þeim degi til 1. september 2012, þá af 1.101.664 krónum frá þeim degi til 1. október 2012, þá af 1.129.563 krónum frá þeim degi til 24. júní 2013 og loks af 1.099.071 krónu frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 900.000 krónur í málskostnað.

Rétt endurrit staðfestir
í Héraðsdómi Austurlands Gjald kr

18.03.14



Greitt

Hildur Briem